



Aðalfundur Aftureldingar, 30. apríl 2026.

Fundurinn var haldinn í Hlégarði kl. 20:00

Dagskrá fundarins:

DAGSKRÁ

Fundarsetning

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ársskýrsla formanns

Ársreikningur 2025

Fjárhagsáætlun aðalstjórnar 2026

Lagabreytingar

Heiðursviðurkenningar

Kosningar

Önnur mál og ávarp gesta

Fundarslit



1. Fundur er settur

Hrafn Ingvarsson varaformaður félagsins setur fundinn og bíður gesti velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Hrafn mælir með Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Einari Inga sem fundarritara.

Sem er einróma samþykkt af fundargestum.

Hafsteinn þakkar traustið og bíður fólk velkomið

Hafsteinn spyr hvort einhver gerir einhver athugasemd við boðun fundarins, sem enginn gerir.

3. Ársskýrsla formanns

Hrafn Ingvarsson flytur skýrslu formanns vegna forfalla Ásgeirs Jónssonar, Hrafn tekur til máls.

Hann byrjar á að tala um mikilvægi Aftureldingar, og mikilvægi samfélagsins sem Afturelding er, bæði fyrir börnin og iðkendurnar, en einnig fyrir sjálfboðaliðana sem eru mikilvægasta púslíð í starfi félagsins.

Hrafn fer svo í ársskýrslu formanns, þar sem hann fer yfir árið 2025 innan sem utan vallar hjá félaginu, hann talar um mikilvægar breytingar á stafrænum innviðum félagsins sem voru innleidd á árinu, lagabreytingar sem voru innleiddar á síðasta aðalfundi félagsins, sem og að aðalstjórn fór í sérverkefni með það að markmiðið að innleiða ákveðin leiðarljós félagsins og stuðla að jákvæðri menningu innan félagsins, verkefnið ber heitið Fyrir Aftureldingu, og mun í framhaldinu vera meira sýnilegt á veggjum okkar æfinga- og keppnishúsa með það að markmiði að minna félagsmenn og iðkendur á jákvæð gildi og jákvæða menningu.

Í ársskýrslu fer formaður einnig yfir aðstöðuuppbyggingu félagsins, bæði það sem hefur verið gert, hvað er framundan og hvað framtíðin ber í skauti sér.

Skýrsluna í heild sinni má bæði finna hér sem fylgiskjal fundargerðar, sem og inná 2025.afturelding.is þar sem einnig má nálgast einstaka skýrslur annarra deilda.

4. Ársreikningar

Farið var yfir ársreikning aðalstjórnar, Einar Ingi framkvæmdarstjóri fór yfir með fundargestum.

Hægt er að nálgast ársreikning aðalstjórnar og allra deilda félagsins inná 2025.afturelding.is

Hæst ber að nefna aukið fjármagn frá Mosfellsbæ í nýjum samstarfssamning / rekstrarsamning. Afturelding skrifaði undir nýjan samning með gildstöku í upphafi árs 2025 þar sem nýtt starfsgildi aðalstjórnar á skrifstofu félagsins var að fullu fjármagnað. Árið 2025 er fyrsta heila árið þar sem rekstrarstjóri aðalstjórnar starfar innan félagsins og innan aðalstjórnar.



Kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu hefur lækkað á árinu, og er það af stærstum hluta vegna tilkomu nýrrar bókhaldspjónustu.

Raun afgangur reiknings er um 7 milljónir, enn af heildar hagnaði má áætla rúmlega 3 milljónir tilkomnar vegna nýs varasjóðs / verkefnasjóðs, og 2 milljónir vegna fjáraflana aðalstjórnar.

Framtíðar markmið aðalstjórnar er að reyna að búa til svigrúm innan fjárhagsáætlunar fyrir fjórða starfsgildinu á skrifstofu félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna ársreikninga.

Það kemur ábending frá Teit formann frjálsípróttadeildar er varðar varanlega rekstrarfjármuni, sem er í mínus. Einar framkvæmdastjóri getur ekki sagt til um afhverju hún er í mínus, og ber fyrir sig að það verði skoðað strax í framhaldinu og upplýsingum komið á Teit, og þá leiðrétt sé um þessháttar villu að ræða.

Ársreikningur var að öðru leiti samþykktur af fundargestum, með einni undantekningu.

Hafsteinn Pálsson fundarstjóri lokar dagskrá lið um ársreikning aðalstjórnar og segir að þessi athugasemd Teits verði skoðuð af framkvæmdastjóra, leiðrétt (ef þarf) í samstarfi við bókhald félagsins og upplýsingum komið á framfæri í kjölfarið.

5. Fjárhagsáætlun

Einar Ingi fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og ræddi stærstu kostnaðarliði við fundargesti, sem og stærstu tekjuliði.

Rekstrarniðurstaða ársins 2026 á að vera jákvæð.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

6. Lagabreytingar

Það voru engar lagabreytingar fyrirhugaðar á þessum fundi.



7. Heiðursviðurkenningar

Félagið veitir heiðursviðurkenningar á aðalfundi, og upp koma Hrafn Ingvarsson varaformaður og Hanna Björk íþróttafulltrúi til að veita viðurkenningar.

Í ár eru veittar 42 viðurkenningar, sem skiptast þannig, 21 bronsmerki Aftureldingar, 15 silfurmerki og 5 gullmerki. Ásamt því að tekinn var inn heiðursfélagi.

Allir aðilar sem tóku við merkjum félagsins komu upp við lofklapp og Hrafn veitti þeim merki í stíl.

Heiðursfélagi Aftureldingar var krýndur, Hafsteinn Pálsson.

Hrafn vararformaður hélt stutta tölu um Hafstein og hans ómetanlega framleg.

„Hafsteinn hefur um áratuga skeið verið einn af traustustu burðarásam í starfi íþróttahreyfingarinnar, bæði innan Aftureldingar og á vettvangi ÍSÍ og UMSK. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðar- og ábyrgðarstörfum af mikilli samviskusemi og með óbilandi áhuga á uppbyggingu íþróttastarfs.“

Alla umsögnina um Hafstein er einnig að finna í fylgiskjali fundargerðar.

Hafsteinn tók til máls og mátti finna stolt hjá honum sem fylgdi þessari krýningu.

8. Kosningar

Hafsteinn Pálsson fer yfir næsta mál á dagskrá sem eru kosningar.

- a) kosning formanns

Þar er Ásgeir Jónsson núverandi formaður endurkjörinn til eins árs

- b) kosning tveggja stjórnarmanna

Hildur Björg Bæringsdóttir og Hrafn Ingvarsson endurkjörinn til tveggja ára.

- c) Kosning eins varamanns

Níels Reynisson endurkjörinn til tveggja ára.

- d) Kosningar tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar

Þar er gerð tillaga að Krístrún Kristjánsdóttir og Sigurður Rúnar Magnússon verði skoðunarmenn reikninga aðalstjórnar

Samþykkt einróma

- e) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda



Þar er gerð tillaga að Krístrún Kristjánsdóttir verði skoðunarmaður deilda Samþykkt einróma

9. Önnur mál

Hafsteinn Pálsson **gaf félaginu fyrsta æfingagalla handknattleiksdeildar** hjá félaginu, frá tímabilinu 1972-1973, gulur og blár Henson galli.

Hafsteinn fór skemmtilega yfir gamlar sögur úr félaginu, og var greinilegt að gestir höfðu gaman af.

Einnig undirstrikaði Hafsteinn þá tillögu sem hann er búinn að koma með inná skrifstofu félagsins er varðar **ævifélaga**, þar sem stuðningsmönnum félagsins er gefið tækifæri til að greiða eitthvað ákveðið gjald og gerast þannig ævifélagi. Innkoman væri svo nýt í hag einhvers sérstaks verkefnis innan félagsins.

Þetta er auðvitað í tengslum félagagjald sem Hafsteinn talar líka fyrir, og hvetur hann stjórn til að skoða þetta vel.

Enginn önnur mál voru á dagskrá

10. Fundarslit

Hafsteinn slítur fundi með því að óska fundargestum góðs gengis og góðrar heimkomu.

Fundi slitið kl. 21:10

Einar Ingi Hrafnsson ritaði fundargerð.



Ávarp formanns

Aðalstjórn félagsins 2025 – 2026:

Ásgeir Jónsson, formaður (kjörinn á aðalfundi)

Hrafn Ingvarsson, varaformaður

Hildur Björg Bæringsdóttir, gjaldkeri

Geirarður Þórir Long, ritari

Aðalheiður Helgadóttir, meðstjórnandi

Sonja Ósk Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Niels Reynisson, meðstjórnandi

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2025:

Árið 2025 einkenndist af uppbyggingu á innviðum félagsins og aðstöðu. Núverandi aðalstjórn og skrifstofa héldu áfram að byggja upp og straumlínulaga stafræna innviði félagsins til að efla þjónustu við deildir og sjálfbóðaliða. Sameiginleg gagnasvæði voru tekin í notkun, bókhald, áætlanagerð og reikningaskil einfölduð og samtöl og samvinna milli skrifstofu og deilda styrkt enn frekar. Lög félagsins og reglugerðir voru tekin til gagngerðar endurskoðunar og þróun á samspili og samvinnu við Mosfellsbæ um frístundarútu og æfingatöflu félagsins, með það að markmiði að efla þjónustu við iðkendur hélt áfram. Aðalstjórn réðst í umfangsmikið verkefni í samstarfi við Birnu Kristínu Jónsdóttur og Thelmu Dögg Grétarsdóttur sem ber yfirskriftina Fyrir Aftureldingu. Verkefnið er byggt upp í kringum vinnustofur með iðkendum, þjálfurum og forráðamönnum með það fyrir augum að þróa og innleiða sameiginleg gildi, efla jákvæða menningu og safna um leið gögnum um upplifun þessara hópa af starfsemi félagsins.

Þá hélt aðstöðuuppbygging áfram á árinu 2025. Nýtt gervigras á „gamla“ Varmárvelli var tekið í notkun og heldur uppbygging á framtíðar aðalvelli áfram þar á komandi árum. Á árinu 2026 verður tekin í gagn við þar ný frjálsíþróttastaða. Vegleg stúkubygging er á framkvæmdaráætlun á komandi árum og verður hún lokahnikkurinn á endurnýjuðum Varmárvelli. Framkvæmdir á nýrri félagsaðstöðu inni í íþróttahúsinu hófust og munu þeim ljúka á vormánuðum 2026. Þá var lagt kapp á að gera merki og liti Aftureldingar sjáanlegri á öllu svæðinu. Einnig var mikil uppbygging á bráðabirgðaraðstöðu knattspyrnudeildar á „nýja“ vellinum þar sem karlalið félagsins keppti í fyrsta sinn í efstu deild. Var öflug umgjörð og stemmning á vellinum umtöluð. Áframhaldandi þróunarvinna í kringum þjónustubyggingu



að Varmá hélt áfram en sú framkvæmd hefur tafist árum saman. Útlit er fyrir að hreyfing komist loks á þá framkvæmd 2026 sem verður gríðarlegt framfaraskref fyrir félagið allt.

Áfram hélt íþróttafólk Aftureldingar að ná frábærum árangri. Rúmlega 40 iðkendur hlutu viðurkenningu fyrir þátttöku í landsliðsverkefnum í sínum greinum og rúmlega 20 iðkendur í viðbót fyrir þátttöku í hæfileikamótun sérsambanda. Einar Baldvin Baldvinsson, handknattleiksmaður, og Rut Ragnarsdóttir, blakkona, voru kjörin íþróttafólk Aftureldingar.

Á starfsárinu 2025 tóku tæplega 3.800 virkir iðkendur (iðkanir) á öllum aldri þátt í starfi félagsins, og yfir 200 þjálfar. Að ógleymdum öllum okkar frábæru sjálfboðaliðum sem vinna ómetanlegt starf alla daga innan deilda félagsins.

Yngri flokka starfið hélt áfram að dafna, en samtals voru virkir iðkendur innan 11 deilda á aldrinu 4 – 18 ára, 2.548 á árinu. Knattspyrnudeildin er stærst deilda með um 32% iðkenda, þá kemur fimleikadeildin með 31% og handknattleiksdeildin með 13%. Aðrar deildir eru fámennari. Ofan á þetta bætast svo iðkendur sem tengjast starfinu í gegnum íþróttaskóla barnanna, Liverpoolskólan og öll sumarnámskeiðin okkar sem eru alltaf að verða stærri og fjölbreyttari.

Á kosningarárinu sem nú er gengið í garð eru stór verkefni framundan hjá félaginu öllu. Í samvinnu við þann meirihluta sem tekur til starfa að kosningum loknum þarf félagið skýr svör um hvenær uppbyggingu á Varmárvelli lýkur, hvenær framkvæmdir við áður nefnda þjónustubyggingu hefjast, og hvernig svæðið í kringum Varmá verður endurskipulagt með tilliti til aukinnar umferðar, með það að leiðarljósi að tryggja öryggi gesta. Síðast en ekki síst þarf öflugt samtal og skýra sýn allra aðila um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Blikastaðalandi.

Áfram Afturelding

Ásgeir Jónsson, formaður Aftureldingar



Heiðursfélagi Aftureldingar

Hafsteinn Pálsson

Hafsteinn hefur um áratuga skeið verið einn af traustustu burðarásam í starfi íþróttahreyfingarinnar, bæði innan Aftureldingar og á vettvangi ÍSÍ og UMSK. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðar- og ábyrgðarstörfum af mikilli samvirkusemi og með óbilandi áhuga á uppbyggingu íþróttastarfs.

Hann hefur margoft verið fundarstjóri á aðalfundum Aftureldingar. En hann hefur setið fjölmörgum stjórnnum og nefndum innan ÍSÍ. Undanfarin ár hefur hann jafnframt setið í framkvæmdastjórn ÍSÍ og komið þar að mikilvægu stefnumótandi starfi fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi.

Hafsteinn var fyrsti formaður knattspyrnudeildar Aftureldingar við stofnun hennar árið 1974 og lagði þar grunn að öfluglu starfi sem hefur vaxið og dafnað síðan. Hann tók einnig virkan þátt í uppbyggingu félagsins á mótandi árum, meðal annars sem fulltrúi í byggingarnefnd íþróttahússins að Varmá á árunum 1975–1977, sem var stór áfangi í sögu félagsins.

Hann gengdi stöðu varaformanns Aftureldingar á árunum 1985–1987 og var formaður UMSK á árunum 1987–1992, þar sem hann hélt áfram að styrkja stoðir ungmennastarfs og íþróttamála á svæðinu.

Þá hefur Hafsteinn hlotið gullmerki Aftureldingar, UMSK og UMFÍ fyrir framlag sitt, sem endurspeglar vel það mikla traust og virðingu sem hann nýtur innan hreyfingarinnar.

Afturelding þakkar Hafsteini Pálssyni fyrir óeigingjarnt starf, leiðsögn og áralanga hollustu við félagið og íþróttahreyfinguna. Framlag hans hefur skilið eftir varanleg spor í sögu félagsins og mun áfram vera okkur öllum hvatning til framtíðar.